

Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um landshag- 48
skýrslur. 28. apríl

Í brjefi, dagsettu 29. f. m., hafið þjer, herra bæjarfógeti, beiðzt skýringar á því, hvornig skilja beri orðin: »og aðrir, er vörur kaupa eða vörukaup annast frá útlöndum, eða sem selja vörur eða sölu annast til útlanda« í 5. gr. laga 8. nóvbr. 1895 um hagfræðisskýrslur. Hafið þjer tekið fram, að þessi orð muni rjett skilin svo, að þau eigi við þá menn, er svipuð störf hafa á hendi sem kaupfjlagssstjórar eða pöntunarfjelaga, svo sem þá, er taka að sjer umboð til að selja eða kaupa vörur fyrir aðra, þó ekki sje um neinn fjelagsskap að ræða, en að þau eigi ekki við það, að einstakir menn panta varning til heimilisparfa handa sjálfum sjer eða því um líkt.

Útaf þessu skal yður hjer með tjáð, að stjórnarráðið verður að líta svo á, að hin tilvitnuðu orð laganna eigi einnig við það, er einstakir menn panta varning til heimilisparfa handa sjálfum sjer, og að í þeim felist heimild til að heimta skýrslur einnig af privatmönnum, er hvorki eru kaupmenn nje kaupfjlagssstjórar eða þvíunlíkt. Samkvæmt því hafa stöðugt verið heimtaðar skýrslur ekki aðeins af hvalveiðamönnum og öðrum slíkum atvinnurekendum um allt það, sem þeir hafa flutt út og inn af hverskonar vörum til atvinnureksturs síns og handa fólki sínu, heldur hefir einnig opt verið heimtað, að einstök heimili, sem pantað hafa vöru sína svo að nokkru nam, gæfu skýrslur um það, og verður stjórnarráðið að álíta, að lögreglustjórum beri að heimta slíkar skýrslur af þeim mönnum, sem þeim er kunnugt um, að fá vörur frá útlöndum eða flytja þær út, því að aðaltilgangur laganna er að fá sem fullkomnastar upplýsingar um inn- og útfluttar vörur.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skagafjardarsýslu um 49
sveitfesti þurfalings. 4. maí

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 9. marz þ. á., hefir hingað borizt erindi frá hreppsnefndinni í Lýtingsstaðahreppi, þar sem hún áfrýjar til stjórnarráðsins úrskurði yðar, dags. 26. sept. f. á., að því leyti sem hann ákveður, að Sigurlaug nokkur Kristjánsdóttir skuli teljast sveitlæg í tjeðum hreppi.

Útaf þessu skal yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að stjórnarráðið telur nefndan úrskurð yðar rjettan, skal hann óhaggaður standa.

Úrskurður sýslumanns.

Með brjefi yðar, herra hreppsnefndaroddviti, dags. 9. febr. þ. á., hafið þjer óskað úrskurðar míns um sveitfesti Sigurlaugar nokkurrar Kristjánsdóttur á Syðravatni, er lagt hefir verið síðustu árin af Akrahreppi. Eptir að hafa leitað um-sagnar hreppsnefndar Lýtingsstaðahrepps um mál þetta og tekið lífsferil nefnds þurfalings, er það hjer með úrskurðað á þessa leið:

Árið 1874 missti Sigurlaug þessi mann sinn og fluttist þá á framfærslu-sveit sína Akrahrepp með tveimur börnum sínum og var annað þeirra þar á sveit-inni í 12 ár eða til ársins 1886. Á þessum árum dvaldi þurfalingurinn fyrst í

6. dag júnimánaðar 1905.